

**Nd.**

**180. Tillaga**

til þingsályktunar um baðlyfjagerð innanlands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka og gera tilraunir um baðlyfjagerð hjér innanlands og heimilar nægilegt fje til þessara tilrauna.

## Ástæður.

Eins og kunnugt er hefir fjárkláði mjög útbreiddst nú á síðari árum. Mun það meðal annars, og líklega mest, stafa af því, að baðlyf þau, sem notuð eru við sauðfjárbaðanir, hafa reynst mjög misjöfn, og eru allar líkur til, að þau hafi nú á stríðsárunum verið meira og minna svikin, eins og líka rannsókn hefir leitt í ljós þegar hún hefir verið gerð. Af þessu leiðir það, að alt það mikla fje, sem einstaklingar og ríkissjóður hefir eytt til sauðfjárbaðana, hefir að mestu leyti verið til einskis eytt, og að minsta kosti algerlega árangurslaust, að því leyti sem það hefir átt að vera til kláðaútrýmingar í einstökum hjeruðum, enda þótt fleira komi þar til greina.

Þar sem nú virðist óumflýjanlegt á næstu árum að vinda að því að framkvæma kláðaútrýmingarböðun á öllu landinu, þá er fyrsta aðalskilyrðið, að ábyggileg og trygg baðlyf verði til þess fengin. Fyrir því er það hjer lagt til, að baðlyfjagerð verði reynd hjer innanlands undir nákvæmri rannsókn og eftirliti. Er það skoðun þess manns, sem mesta þekkingu hefir á þessum efnum, Gísla Guðmundssonar gerlafræðings, að engin vandkvæði sjeu á því, að þetta verði hjer framkvæmt, og telur jafnframt vist, að baðlyfin verði ódýrari. Er hann fús á að taka að sjer tilbúning baðlyfjanna undir eftirliti dýralæknis.

Þess má geta, að útlit er fyrir að hægt yrði þegar á næsta hausti að fá góð og trygg baðlyf frá Danmörku; en þrátt fyrir það leggur nefndin ríka áherslu á, að þessi leið sje farin.

Fari svo, að undirbúningi og framkvæmd þessa máls verði lokið svo snemma, að á næsta hausti yrðu notuð þessi innlendu baðlyf, þá telur nefndin sjálfsgt, ef stjórnin að öðru leyti teldi það tiltækilegt, að þegar yrði hafin kláðaútrýmingarböðun í landinu. Og þá jafnframt, að stjórnin gæfi út bráðabirgðalóg um einkasölu ríkisins á baðlyfjum.